



ÚTGÁFULÝSING

ÚTGÁFA SKULDABRÉFA Í KERFI VERÐBRÉFASKRÁNINGAR ÍSLANDS HF

1. kafli

Almennar upplýsingar um útgefanda:

- 1.1 *Nafn útgefanda, kennitala, heimild til útgáfu, stofndagur, skráð aðsetur og höfuðstöðvar ef þær eru aðrar en hið skráða aðsetur.*
Nafn útgefanda: Byggðastofnun
Kennitala: 450679-0389
Aðsetur: Ártorg 1, 550 Sauðárkrókur
Heimild til útgáfu: Í 5. gr. Fjárlaga fyrir árið 2009 er Byggðastofnun veitt heimild til lántöku allt að fjárhæð 3.000 m.kr., sbr. 15. gr. laga nr. 106/1999 um Byggðastofnun.
- 1.2 *Nöfn og kennitölur forsvarsmanna útgefenda.*
Forstjóri: Aðalsteinn Þorsteinsson, kt. 010766-5409
- 1.3 *Lög og reglur sem útgefandi starfar eftir ef sérlög gilda um starfsemi hans.*
Útgefandi er sérstök stofnun í eigu íslenska ríkisins og heyrir undir yfirstjórn iðnaðarráðherra. Byggðastofnun starfar samkvæmt lögum nr. 106/1999 um Byggðastofnun, sbr. reglugerð nr. 347/2000.

2. kafli

Upplýsingar um útgáfuna:

- 2.1 *Viðtakandi greiðslna og annarra upplýsinga hjá útgefanda sem varða útgáfuna, nafn/nöfn, kennit. og netfang.*
Aðalsteinn Þorsteinsson, kt. 010766-5409, tölvupóstfang: adalsteinn@byggdastofnun.is
- 2.2 *Auðkenni útgáfunnar, nafnverð svo og önnur skilyrði sem varða útgáfuna og skuldbinda útgefanda.*

Auðkenni:
Tegund bréfs:

BYG 09 1
Jafngreiðslubríf til 25 ára með afborgana- og vaxtagreiðslum á sex mánaða fresti.

ISIN: IS0000019149
Heildarheimild samkv. samningi: ISK 1.000.000.000, opinn flokkur
Útgefið nú: ISK 1.000.000.000
Nafnverðseiningar: ISK 10.000.000
Útgáfudagur: 2. febrúar 2009
Lokagjalddagi: 15. apríl 2034
Verðtrygging: Neysluverðsvísitala – grunnildi
Skuldabréfin eru bundin vísitölu neysluverðs með grunnvísitölu í febrúar 2009, sem er 332,9 stig. Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölu frá grunnildi til fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölu milli síðari gjalddaga. Höfuðstóll skuldarinnar er reiknaður út áður en vextir eru reiknaðir.

Nafnvextir: 5,00% vextir sem reiknast árlega. Dagaregla við útreikning er 30E/360.
Fyrsti vaxtadagur: 1. febrúar 2009
Fyrsti gjalddagi afborgana og vaxta: 15. apríl 2009
Fjöldi gjalddaga á ári: Tvær jafngreiðslur, 15. apríl og 15. ~~september~~ ^{október} á hvert ISK
Gjaldmiðill: Engin uppgreiðsluheimild er í skuldabréfunum.
Uppgreiðsluheimild: Ef ekki er tengdur bankareikningur við VS reikning eiganda skuldabréfs, sbr. 5. tl. 9. gr. reglugerðar nr. 397/2000 skal eigandinn snúa sér til útgefanda til að móttaka greiðslu. Verði greiðslu ekki vitjað hjá útgefanda á réttum gjalddaga mun útgefandi hvorki greiða dráttarvexti né verðbætur frá gjalddaga til þess dags sem greiðslunnar er krafist og hún fer fram.
Viðtökudráttur og vanskil: Greiði útgefandi ekki á gjalddaga skuldabréfanna, enda hafi skuldabréfaeigandi fyrir þann tíma framvísað með sannarlegum hætti staðfestingu á eign sinni á VS reikningi hjá reikningsstofnun, er skuldabréfaeiganda heimilt að innheimta dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndarálag, sbr. 1 mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af gjaldfallinni eða gjaldfældri upphæð. Undantekning er ef gjalddagi skuldabréfanna er ekki bankadagur og útgefandi greiðir á næsta bankadegi þar á eftir, en þá reiknast ekki dráttarvextir.
Hafi greiðsla ekki verið innt af hendi 14 dögum eftir gjalddaga eða 14 dögum eftir að innheimtubréfi hafi verið framvísað til greiðslu, enda hafi skuldabréfaeigandi þá ekki fengið greitt í gegnum VS reikning hjá Verðbréfaskráningu Íslands, er skuldabréfaeiganda heimilt að fella alla skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar. Nýti skuldabréfaeigandi heimild til gjaldfellingar skal hann þegar í stað senda tilkynningu um slíkt til útgefanda.
Verði skuldin gjaldfæld samkvæmt framansögðu, má gera aðför hjá skuldara til fullnustu skuldarinnar, án undangengins dóms eða réttarsáttar skv. 7. tl. 1. mgr. 1. gr laga nr. 90/1989 um aðför, að undangenginni greiðsluáskorun skv. 7. gr. laganna. Auk þess að ná til höfuðstóls skuldarinnar, nær aðfararheimild þessi til vaxta, verðbóta, dráttarvaxta auk alls kostnaðar af innheimtuaðgerðum sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989.

Handwritten signatures in blue ink, including a large 'B' and a smaller signature.

Sérstök skilyrði:

Skuldabréfaeigendum er heimilt að gjaldfella útstandandi höfuðstól skuldabréfanna eins og hann er hverju sinni ef skuldabréfaflokkurinn verður ekki skráður á OMX Nordic Exchange á Íslandi fyrir 30.06.2009.

Ef einhver skuldabréfaeigandi í þessum skuldabréfaflokki gjaldfellir skuldina í samræmi við ákvæði skuldabréfaflokksins skal útgefandi upplýsa aðra skuldabréfaeigendur um slíka gjaldfellingu.

Útgefandi skal tilkynna um gjaldfellingu í gegnum fréttakerfi OMX Nordic Exchange á Íslandi sama dag og slík tilkynning berst honum

Framsal:

Einungis er heimilt að framselja skuldabréfin til nafngreinds aðila. Skuldabréfin eru gefin út með rafrænum hætti í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. og er reikningsstofnunum, eins og þær eru skilgreindar skv. lögum nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa, einum heimilt að annast milligöngu um framsal á þeim. Eignaskráning rafréfa hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. veitir skráðum eiganda hennar lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að. Yfirlit Verðbréfaskráningar um eigendur skuldabréfanna skal skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti. Greiðslur og tilkynningar eru sendar til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi skuldabréfa.

Til að tryggja réttindi skuldabréfaeigenda og upplýsingagjöf til þeirra fram að skráningu skuldabréfanna á OMX Nordic Exchange á Íslandi, skal útgefanda heimilt að afla upplýsinga hjá Verðbréfaskráningu Íslands um skráða skuldabréfaeigendur á hverjum tíma, Heimild þessi fellur niður við skráningu skuldabréfaflokksins á OMX Nordic Exchange á Íslandi, eða öðrum skipulegum verðbréfamarkaði.

Stimpilgjald:

Útgefandi hefur greitt stimpilgjald af skuldabréfunum í samræmi við lög.

Ágreiningsmál:

Rísi mál út af þessu má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur skv. ákvæðum 17. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Heimild:

Í 5. gr. Fjárlaga 2009 er Bygðastofnun heimilað að taka að láni allt að 3.000 m.kr., sbr. 15. gr. laga um Bygðatofnun nr. 106/1999. Fjárlög 2009 voru samþykkt á fundi Alþingis þann 22. desember 2008.

2.3 Hlunnindi sem tengd eru skuldabréfunum, útreikningar þeirra og nýting.

Engin hlunnindi eru tengd skuldabréfunum.

2.4 Skattur á tekjur af skuldabréfum sem haldið er eftir til staðgreiðslu í upprunalandinu og/eða í skráningarlandinu. Greint skal frá hvort útgefandi ábyrgist að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir.

Útgefandi mun ekki draga staðgreiðslu af vaxtatekjum skuldabréfanna og ábyrgist ekki að honum sé haldið eftir, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu á fjármagnstekjur. Skuldabréfaeigendur bera sjálfir ábyrgð á staðgreiðslu fjármagnstekna

sinna af skuldabréfunum. Sú reikningsstofnun sem varslar viðkomandi skuldabréf fyrir skuldabréfaeiganda ber ábyrgð á útreikningi og staðgreiðslu af vaxtatekjum skuldabréfanna.

- 2.5 *Tilgreint sé inn á hvaða VS - reikning ráðstafa eigi útgefnum skuldabréfum.*
VS reikningur Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. númer 730458.
- 2.6 *Aðrar upplýsingar um hina fyrirhuguðu útgáfu eða útgefendur sem Verðbréfaskráning telur nauðsynlegar.*
Á ekki við.

3. kafli

Upplýsingar um þá sem annast útgáfulýsingu og ábyrgjast endurskoðun ársreikninga:

- 3.1 *Nöfn, kennitölur og netfang þeirra sem annast útgáfulýsingu.*
Saga Capital Fjárfestingarbanki hf., kt. 660906-1260, Ómar Sigtryggsson, kt. 280173-3719, framkvæmdastjóri Markaðsviðskipta, tölvupóstfang: omar@sagacapital.is .
- 3.2 *Nöfn, kennitölur og netfang löggiltra endurskoðenda útgefanda undanfarin þrjú ár.*
Ernst & Young hf. kt. 520902-2010, Árni Snæbjörnsson endurskoðandi, kt. 120755-3079, tölvupóstfang: arni.snaebjornsson@is.ey.com .

4. kafli

Fylgigögn með útgáfulýsingu:

- 4.1 *Staðfesting opinbers skráningaraðila á tilurð útgefanda.*

Meðfylgjandi er afrit af bréfi ríkislögmans dags 19.05.2008.

- 4.2 *Staðfesting á að útgefandi hafi tekið formlega ákvörðun um hina fyrirhuguðu rafrænu útgáfu eða önnur gögn þar að lútandi svo sem staðfest afrit af fundargerð eða vísun í lög eða reglur sem gilda um útgáfuna.*

Meðfylgjandi er staðfesting á lánsheimild Byggðastofnunar.

- 4.3 *Afrit af kvittun frá sýslumanni um að stimpilgjöld, þar sem við á, hafi verið greidd.*

Meðfylgjandi er kvittun fyrir greiðslu stimpilgjalds.

- 4.4 *Nafn frumsöluaðila eins eða fleiri ef um nýja útgáfu eða viðbótarútgáfu er að ræða og afrit af samningi útgefanda við hann.*

Saga Capital Fjárfestingarbanki hf. annast frumsölu skuldabréfanna.

4.5 Óski Verðbréfaskráning eftir því skal leggja fram staðfesta yfirlýsingu héraðsdómara um að félag sé ekki undir gjaldþrotaskiptum.


Á ekki við.

4.6 Önnur fylgigögn vegna hinnar fyrirhuguðu útgáfu sem Verðbréfaskráning telur nauðsynleg.


Á ekki við.

Reykjavík, dags. 02.02.2009

F.h. útgefanda,


Aðalsteinn Þorsteinsson

F.h. Saga Capital Fjárfestingarbanka hf.


Ómar Sigtryggsson